

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 73/2017

2019/EES/11/06

frá 5. maí 2017

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/851 frá 26. maí 2016 um breytingu á viðauka við ákvörðun 2009/719/EB að því er varðar heimild fyrir Króatíu til þess að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu <sup>(2)</sup> („Samningurinn um stækkun EES frá 2014“), sem var undirritaður í Brussel 11. apríl 2014, hefur gilt til bráðabirgða um undirritunaraðila hans frá 12. apríl 2014 og þessi ákvörðun skal því gilda til bráðabirgða meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Lið 41b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32016 D 0851:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/851 frá 26. maí 2016 (Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 131).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir aðlögunartextanum:

„– Ísland“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/851, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 131.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi samningsins um stækkun EES frá 2014, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

Meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014 skal þessi ákvörðun gilda til bráðabirgða frá 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. ESS-samningsins hafi farið fram.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.